

## 12. fundur stjórnar Stjórnstöðvar ferðamála (SF)

haldinn fimmtudaginn 7. september 2017 kl. 11:00

Fundarstaður: Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, Skúlagötu 4

---

### Viðstaddir:

*Stjórnarmenn:* Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, formaður, , Björt Ólafsdóttir umhverfis- og auðlindaráðherra, Björgólfur Jóhannsson, frá Samtökum ferðaþjónustunnar, Helga Árnadóttir, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar, Þórir Garðarsson, varaformaður Samtaka ferðaþjónustunnar. Grímur Sæmundsen, formaður Samtaka ferðaþjónustunnar, Halldór Halldórsson formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, og Sigrún Blöndal, formaður SSA

Benedikt Jóhannesson, fjármála- og efnahagsráðherra og Jón Gunnarsson samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, boðuðu forföll en Gylfi Ólafsson (FJR) og Ólafur Einar Jóhannsson (SGR) sátu fundinn fyrir þeirra hönd.

*Aðrir:* Ólafur Teitur Guðnason (ANR), Óskar Jósefsson, framkvæmdastjóri SF, Steinar Kaldal (UAR) og Sigrún Brynja Einarsdóttir (ANR) sem ritaði fundargerð. Jón Bjarki Gunnarsson frá Deloitte sat 4. dagskrárlið fundarins.

---

### 1. Fundargerð síðasta fundar (*ferðamálaráðherra*)

Fundargerð síðasta fundar var borin upp og samþykkt.

### 2. Ársuppgjör rekstrarfélags Stjórnstöðvar ferðamála sf. (*framkvæmdastjóri*)

Framkvæmdastjóri fór yfir ársuppgjör rekstrarfélags Stjórnstöðvar ferðamála sf. fyrir árið 2016. Hann vakti athygli á því að rekstrarárið hefst í byrjun maí þar sem rekstrarfélagið var stofnað þá. Í reikningum kemur fram að fjárframlög ríkis og SAF eru ekki jöfn upphæð án þess að gerð sé sérstaklega grein fyrir mismuni þess sem er annaðhvort ójöfn kostnaðarhlutdeild á fyrri hluta árs eða að krafa hefur átt að vera á ríkið sem nemur mismuninum. Kallað verður eftir skýringum frá endurskoðanda SF.

### 3. Þolmörk (*framkvæmdastjóri*)

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir samtölum sem hann hafði átt við fulltrúa EFLU til að útfæra verkefni um þolmarkarannsókn um jafnvægisástand í fjölda ferðamanna og ná betur utan um áætlaðan kostnað við verkefnið. Í ljós hefði komið að heppilegast væri að skipta verkefninu upp í tvo hluta til að tryggja árangur. Fyrri hluti þess yrði þá ætlaður til að skilgreina viðmið og greina gögn og aðgengi að þeim. Seinni hlutinn yrði svo ástandsmatið sjálft. Fyrir lægi að hægt væri að láta fyrri hluta verkefnisins fara fram án nokkurra skuldbindinga um framhaldsvinnu. Áætlaður kostnaður við fyrri hluta verkefnisins er 14,4 m.kr. og áætluð verklok í febrúar 2018. Áætlaður kostnaður við seinni hluta verkefnisins er 11,5 m.kr.

Samþykkt að fara í fyrri hluta verkefnisins sem er fjármagnað af skilgreindri fjárveitingu sem ANR hefur til rannsókna í ferðaþjónustu 2017.

### 4. Mælaborð ferðaþjónustunnar (*framkvæmdastjóri*)

Jón Bjarki Gunnarsson frá Deloitte kom og kynnti vefsíðuna Mælaborð ferðaþjónustunnar sem er svo gott sem tilbúin til útgáfu og hefur að geyma aðgengilegar upplýsingar fyrir alla sem settar eru fram á skýran hátt. Mælaborðið verður lifandi þannig að upplýsingar eru sóttar jafnóðum skv. sjálfvirkum gagnaferlum og þar verður hægt að afmarka leitarskilyrði með nákvæmum hætti.

Fram kom að sú lausn sem birtist í Mælaborðinu er eign ANR sem hefur greitt fyrir vinnu Deloitte. Allar upplýsingar byggja á opnum gögnum utan gagna sem keypt eru frá fyrirtækinu AirDNA. Jafnframt verður hægt að veita rannsakendum dýpri aðgang en þann sem birtist í Mælaborðinu. Til framtíðar þarf að finna Mælaborðinu heimilisfesti og búa til stýrihóp sem ákveður áherslur í því sem þar skal birt, en frá opnun verður það fyrst um sinn vistað hjá Stjórnstöð ferðamála. Athygli vakin á því að bak við Mælaborðið er sk. Vöruhús gagna sem er flókið fyrirbæri og eðlilegt að útvista á einhvern hátt. Samkvæmt framkvæmdastjóra getur

kostnaður við verkefnið numið í kringum 50 m.kr. árlega. Ráðherra kvaðst myndu leggja áherslu á að verkefnið myndi lifa, m.a. með forgangsroðun fjármuna.

**5. Uppfærsla á forgangsverkefnum skv. Vegvísi í ferðaþjónustu (framkvæmdastjóri)**

Framkvæmdastjóri minnti á stöðu Vegvísis sem verkefnalista og sýndi yfirlit yfir þau verkefni sem væri lokið, í vinnslu og óhafin á árunum 2016-2017. Hann óskaði eftir afstöðu haghafa til þess hvaða verkefni það væru sem þyrfti að horfa á sem forgangsverkefni á árunum 2018-2019. Stjórnarmenn ræddu stöðu ferðaþjónustunnar sín á milli og það sem hefði áunnist í starfi Stjórnstöðvar sem mikilvægt væri að greina frá opinberlega, en um það verður jafnframt fjallað í skýrslu ferðamálaráðherra til Alþingis á haustdögum. Ráðherra greindi frá því að frv. til l. um breytingu á lögum um skipan ferðamála væri á þingmálaskrá haustsins þar sem hlutverk ferðamálaráðs yrði m.a. endurskilgreint með það í huga að Stjórnstöð ferðamála væri einungis ætlaður líftími út árið 2020. Einnig yrði settur aukinn kraftur í rannsóknir í ferðaþjónustu.

**6. Umræður um ný verkefni - forgangsverkefni 2016-2017(framkvæmdastjóri)**

- a. Framkvæmdastjóri ræddi um að mynda stýrihóp sem gæti búið til leiðbeiningar um hvernig standa ætti að merkingum í vegakerfi, þjóðgörðum og vegna upplýsinga til ferðamanna, bæði hvað varðar öryggismál og almenna upplýsingaþjónustu, á grundvelli forms, stöðlunar og birtingar. Umhverfis- og auðlindaráðherra greindi frá því að Þjóðgarðastofnun væri í farvatninu þar sem m.a. yrði tekið á samræmdum merkingum og upplýsingum.
- b. Markmið – mælikvarðar (áreiðanleg gögn)  
Framkvæmdastjóri ræddi um vinnu við að tengja og samþætta markmið Vegvísis við markmið fjármálaáætlunar.

**7. Önnur mál.**

Rætt um að kynna opnun mælaborðsins vel.

Fram kom að blikkljós væru komin að Höfn við allar einbreiðar brýr og að hringveginum yrði lokað fyrir áramót. Greint frá því að uppsetning og rekstur bráðabirgðasalerna í sumar hefði gengið vel og að umræðan snerist frekar um hegðunarvandamál en skort á salernum. Ferðamálaráðherra sagði að þörfin myndi breytast með vaxandi uppbyggingu en ríkið yrði alltaf að vera ábyrgt fyrir einhverri uppbyggingu á fjarlægari stöðum. Þá kom fram að væntanleg væri skýrsla um þörf á útskotum við vegi, m.a. þar sem hestar væru á beit og við flugvélaflakið á Sólheimasandi.

Fulltrúar SAF ítrekuðu mikilvægi þess að ráðherrar mættu vel á fundi Stjórnstöðvar ferðamála. Næsti fundur verður haldinn þriðjudaginn 10. október 2017 kl. 9:30.

**Fundi slitið kl. 12:40.**